

Fjárhagsáætlun SHS 2026 - 2030



Meginforsendur fjárhagsáætlunar

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) samþykkti á 273. fundi sínum þann 15. ágúst sl. fjárhagsáætlun SHS fyrir árin 2026-2030.

Fjárhagsáætlun 2026 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 25. mars 2025.

Fjárhagsáætlun 2026 tekur mið af drögum að nýrri brunavarnaáætlun sem liggja fyrir og eru lögð fyrir stjórn SHS til samþykktar á sama fundi og fjárhagsáætlunin. Í framhaldi eru báðar áætlanirnar sendar út til sveitarfélaga sem standa að SHS til staðfestingar. Fjárhagsáætlun SHS fyrir 2026-2030 er því lögð fram með fyrirvara um að það gangi eftir.

Fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir að launahækkanir starfsmanna SHS á næsta ári verði í takt við gildandi kjarasamninga og að aðrar verðlagshækkanir verði í takt við það sem kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofu frá mars 2025.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum SHS byggja á forsendum frá fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 2026 - 2030, sbr. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 15. mars 2025, sjá töflu hér fyrir neðan. Áætlað er að launavísitala hækki um 4,4% og vísitala neysluverðs um 2,7% fyrir árið 2026.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Einkaneysla	0,6	2,4	2,9	2,8	2,8	2,7	2,5
Samneysla	2,5	1,4	1,2	0,8	1,1	1,1	1,1
Fjármunamyndun	7,5	4,6	-4,0	2,9	2,8	2,2	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	-1,2	4,0	2,5	3,0	2,6	2,3	2,1
Innflutningur vöru og þjónustu	2,7	6,4	-2,4	1,9	2,1	1,9	1,6
Verg landsframleiðsla	0,5	1,8	2,7	2,8	2,6	2,3	2,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,4	4,0	4,1	4,0	4,0	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs	5,9	3,5	2,7	2,5	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking á krónu)	0,0	-0,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	6,6	6,2	4,4	4,0	4,0	4,1	4,1

Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki spáð fyrir um launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Forsendur um gjaldskrárbreytingar

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

Gjaldskrá SHS er sett með heimild í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í 1. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og fellur þar með úr gildi eldri gjaldskrá.

Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skuli í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

Fjárhagsáætlun 2026

Útkomuspá 2025 gerir ráð fyrir að afkoma ársins verði neikvæð um 14 m.kr. sem kemur til að stærstum hluta vegna gjaldfærðs kostnaðar í tengslum við endurbætur á húsnæði SHS vegna myglu- og rakaskemmda en á móti er gert ráð fyrir að launakostnaður verði heldur lægri en áætlað var.

Tekjur af sjúkraflutningum stefna í að verða um 86 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2025. Meginástæða er að fjöldi flutninga það sem af er ári eru 4,5% færri en á sama tíma árið á undan. Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur verði um 50 m.kr. hærri en áætlað var, vegna fleiri skoðana forvarnasviðs og fjölgunar beiðna um aðstoð varðliðs vegna ýmissa viðburða.

Gert er ráð fyrir að launakostnaður verði heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir, sem kemur til að hluta til vegna færri stórra tímafrekra verkefna varðliðsins það sem af er ári miðað við árið á undan. Annar reglubundin rekstrarkostnaður stefnir í að verða samtals um 49 m.kr. hærri en áætlað var, helstu ástæður er m.a. töluvert hærri matarkostnaður starfsmanna, kostnaðarsamar viðgerðir á eldri dælubílum (lína 2), aukinn húsnæðiskostnaður vegna framkvæmda og annar tilfallandi kostnaður vegna 25 ára afmæli SHS. Fyrirhugaðar lagfæringar á bílasalnum á Tunguhálsi á þessu ári leiddu í ljós að þak og klæðing voru illa farin vegna myglu- og rakaskemmda, áætlaður gjaldfærður kostnaður vegna þessa er um 35 m.kr. Í framhaldi af þessu var ákveðið að endurnýja þak og klæðingu hússins áður en farið væri nauðsynlegar lagfæringar innanhúss.

Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar hjá SHS, er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar 2026 verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2025 áætlun	ÚT-2025 útkomuspá	Á-2026 áætlun	Breyting Á-25 til Á-26	Hlutfall Á-25 til Á-26	Hlutfall ÚT-25 til Á-26
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.815.000	2.815.000	2.939.000	124.000	4,4%	4,4%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	117.000	117.000	128.000	11.000	9,4%	9,4%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	44.000	44.000	46.000	2.000	4,5%	4,5%
Tekjur frá eigendum alls:	2.976.000	2.976.000	3.113.000	137.000	4,6%	4,6%
Sjúkraflutningar.....	2.429.000	2.343.000	2.491.000	62.000	2,6%	6,3%
Forvarnasvið sértekjur.....	68.000	85.000	89.000	21.000	30,9%	4,7%
Sértekjur.....	69.000	102.000	90.000	21.000	30,4%	-11,8%
SHS fasteignir.....	130.000	130.000	134.000	4.000	3,1%	3,1%
Aðrar tekjur alls:	2.696.000	2.660.000	2.804.000	108.000	4,0%	5,4%
Rekstrartekjur alls:	5.672.000	5.636.000	5.917.000	245.000	4,3%	5,0%
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	4.704.000	4.674.000	4.913.000	209.000	4,4%	5,1%
Annar rekstrarkostnaður.....	730.000	779.000	774.000	44.000	6,0%	-0,6%
Annar rekstrarkostnaður v/myglu.....		35.000		35.000	n/a	n/a
Rekstrargjöld alls:	5.434.000	5.488.000	5.687.000	288.000	4,7%	3,6%
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	238.000	148.000	230.000	82.000		
Afskriftir.....	(220.000)	(190.000)	(230.000)	(40.000)		
Fjármagnsliðir.....	(13.000)	28.000	7.000	(21.000)		
Rekstrarniðurstaða	5.000	(14.000)	7.000	21.000		

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarniðurstaða

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða ársins 2026 verði jákvæð um 7 m.kr., þegar tekið er tillit til ríflegra 28 m.kr. hagræðingar og einskiptiskostnaður í öðrum rekstrarkostnaði miðað við útkomuspá 2025.

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2026 eru um 5.917 m.kr., sem er 4,3% hækkun miðað við áætlun 2025 en um 5% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 3.113 m.kr. eða tæplega 53% af heildartekjum og hækka samtals um 137 m.kr. (4,6%) frá 2025. Tekjur af sjúkraflutningum eru um 42% af heild eða um 2.491 m.kr. og hækka um 62 m.kr. (2,6%) miðað við

áætlun 2025 en 6,3% miðað við útkomuspá. Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 313 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2025	ÚT-2025	Á-2026	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-25 til Á-26	Á-25 til Á-26	ÚT-25 til Á-26
Rekstrartekjur						
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.815.000	2.815.000	2.939.000	124.000	4,4%	4,4%
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	117.000	117.000	128.000	11.000	9,4%	9,4%
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	44.000	44.000	46.000	2.000	4,5%	4,5%
Tekjur frá eigendum alls:	2.976.000	2.976.000	3.113.000	137.000	4,6%	4,6%
 Sjúkraflutningar.....	2.429.000	2.343.000	2.491.000	62.000	2,6%	6,3%
Forvarnasvið sértekjur.....	68.000	85.000	89.000	21.000	30,9%	4,7%
Sértekjur.....	69.000	102.000	90.000	21.000	30,4%	-11,8%
SHS fasteignir.....	130.000	130.000	134.000	4.000	3,1%	3,1%
Aðrar tekjur alls:	2.696.000	2.660.000	2.804.000	108.000	4,0%	5,4%
Rekstrartekjur alls:	5.672.000	5.636.000	5.917.000	245.000	4,3%	5,0%

Fjárhæðir í þús. kr.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Áætlað er að framlag til rekstrar verði 2.939 m.kr. sem er um 124 m.kr. (4,4%) hærra en árið á undan. Hækkun kemur til vegna hækkunar á launa- og neysluvísitölu og vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launapróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2026.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Í nýjum stofnsamningi sem undirritaður var í júní 2024 var samþykkt að fjárfestingarframlagið tæki mið af raunkostnaði á búnaði slökkviliðsins, sbr. fylgiskjal 1 við stofnsamninginn, sem væri núna um 181 m.kr., sem er um 64 m.kr. hækkun miðað við framlagið 2025. Lagt er til að hækkun á fjárfestingarframlaginu verði tekin inn á allt að sex árum og hækki því um 11 m.kr. 2026 eða um 9,4%.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlag vegna almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) hækki í takt við gildandi kjarasamninga.

Álag og verkefni almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist til muna á undanförunum árum, m.a. vegna aukinna áherslna sveitarfélaga á málaflokkinn. Verkefnin fela m.a. í sér skipulag og samræmingu verklags, reglubundið mat áhættu og áfallapöls, skilgreiningu leiða til áhættuminnkunar og útgáfu áhættumats, viðbragðs- og neyðaráætlana, leiðbeininga og fræðsluefnis.

Tekjur af sjúkraflutningum – Sjúkratryggingar Íslands

Heildartekjur af sjúkraflutningum 2026 eru áætlaðar 2.491 m.kr. sem er um 62 m.kr. (2,6%) hækkun miðað við áætlun 2025 og um 6,3% miðað við útkomuspá 2025, þar af er um 5,8% vegna áætlaðrar hækkunar á vísitölum.

Frá og með 1. janúar 2026 hækka verð í samningnum í samræmi við vegna meðaltalshækkunar launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%), miðað er við nóvembervísitölu ár hvert.

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2025 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjölgun tæplega 1%. Samningur SHS um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands gildir til loka febrúar 2027 og heimilt er að framlengja um allt að þrjú ár.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur verði um 197 m.kr. 2026, sem er ríflega 60 m.kr. (31%) hækkun miðað við áætlun 2025 en um 5,3% hækkun miðað við útkomuspá. Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi skoðana forvarnasviðs og beiðnir um viðveru varðliðs á viðburðum verði sambærilegt við 2025.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við verðlag og verði um 134 m.kr. 2026. Rétt er þó að nefna að enn er mikil óvissa um framtíðarhlutverk björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, þar sem meirihluti leigutaka er að skoða flutning úr Skógarhlíðinni.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 5.687 m.kr. á árinu 2026 sem er um 253 m.kr. (4,7%) hækkun frá áætlun 2025 og um 3,6% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 209 m.kr. (4,4%) og annar rekstrarkostnaður um 44 m.kr. (6%) frá áætlun 2025, en lækkar um 0,6% frá útkomuspá ársins.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu	Á-2025	ÚT-2025	Á-2026	Breyting	Hlutfall	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-25 til Á-26	Á-25 til Á-26	ÚT-25 til Á-26
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	4.704.000	4.674.000	4.913.000	209.000	4,4%	5,1%
Annar rekstrarkostnaður.....	730.000	779.000	774.000	44.000	6,0%	-0,6%
Annar rekstrarkostnaður v/myglu.....	0	35.000	0	0	n/a	-100,0%
Rekstrargjöld alls:	5.434.000	5.488.000	5.687.000	253.000	4,7%	3,6%

Fjárhæðir í þús. kr.

Laun og launatengd gjöld eru ríflega 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði.

Undir annan rekstrarkostnað falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (4,4%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (2,7%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Áætlun gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 774 m.kr. 2026, sem er hækkun um 44 m.kr. (6%) miðað við áætlun 2025, en lækkun um 5 m.kr. (0,6%) miðað við útkomuspá. En ef útkomuspá 2025 yrði framreiknuð miðað við vísitölur næmi lækkun á öðrum rekstrarkostnaði 28 m.kr. milli ára, þ.e. 7 m.kr. lækkun starfsmannakostnaðar, 10 m.kr. lækkun á viðhaldi rekstrar og tækja, 6 m.kr. lækkun á húsnæðiskostnaði og 5 m.kr. lækkun á öðrum kostnaði.

Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki samtals um 209 m.kr. (4,4%) 2026 miðað við áætlun 2025, vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að um fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar 2026.

Taflan sýnir sundurliðun á áætluðum heildarlaunakostnaði 2026.

Heildarlaunakostnaður	Á-2025	ÚT-2025	Á-2026	Breyting	Hlutfall
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Á-25 til Á-26	Á-25 til Á-26
Launakostnaður	4.704.000	4.704.000	4.674.000		
Lækkun vegna færri tímafrekra verkefna.....		(30.000)			
Reglubundin launakostnaður	4.704.000	4.674.000	4.674.000	(30.000)	-0,6%
Launahækkun áætluð					
Launaþróun 2026.....			59.000		1,3%
Launahækkun 2026 skv. gildandi kjarasamningi.....			180.000		3,8%
Launaþróun og -hækkun samtals			239.000	239.000	5,1%
Laun als:	4.704.000	4.674.000	4.913.000	209.000	4,4%

Fjárhæðir í þús. kr.

Í gildandi kjarasamningi við slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn er viðauki sem gerir ráð fyrir mögulegri hækkun á launum í tengslum við launatöflauka sem er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Áætlun launakostnaðar 2026 gerir ekki ráð fyrir að breyting verði á launakostnaði vegna þessa, en ef til kemur hækkun vegna jöfnunar launa milli markaða yrði hún næst 1. september 2026. Áætlun er því með fyrirvara um mögulega hækkun launakostnaðar vegna þessa.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

Meðfylgjandi tafla sýnir sjóðstreymi eins og það kom fram í samþykktari áætlun fyrir 2025, útkomuspá og áætlun 2026.

Sjóðstreymi	Á-2025	ÚT-2025	Á-2026
	áætlun	útkomuspá	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	5.000	(14.000)	7.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	220.000	190.000	230.000
Verðbætur og gengismunur.....	10.200	10.200	10.200
	235.200	186.200	247.200
Viðskiptakröfur - Brú lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	247.260	192.230	253.230
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(300.000)	(600.000)	(400.000)
Afborganir langtímalána.....	(14.300)	(19.000)	(19.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(67.040)	(426.770)	(165.770)
Handbært fé í byrjun árs.....	1.043.373	1.043.373	616.603
Handbært fé í lok árs	976.333	616.603	450.833

Fjárhæðir í þús. kr.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingaráætlun 2025 gangi að stórum hluta eftir og fjárfest verði fyrir um 600 m.kr. á þessu ári. Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 400 m.kr., þ.e.:

- Tveir nýir gámabílar, gert er ráð fyrir að fara í útboð á þessu ári.
- Viðhald húsnæðis SHS, þar vegur þýngst áframhaldandi viðhald og endurbætur á stöðinni á Tunguhálsi.
- Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa.

Framlög eigenda

Samkvæmt stofnsamningi SHS sem undirritaður var í júní 2024, greiða eigendur framlög til rekstrar samkvæmt samþykktari fjárhagsáætlun og í hlutfalli við íbúafjölda 1. janúar líðandi árs.

Íbúatölur 1. janúar 2025 ráða skiptingu fyrir áætlun 2026. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áætlun 2025 til áætlunar 2026 í takt við íbúapróun á svæðinu.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	Íbúar 2024	Íbúar 2025	breytingar fjöldi	breyting hlutfall	hlutfall 2025	hlutfall 2026	breytingar
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík.....	136.894	138.772	1.878	1,41%	56,13%	55,79%	-0,34%
Kópavogur.....	39.335	40.040	705	1,85%	16,13%	16,10%	-0,03%
Hafnarfjörður.....	30.616	31.525	909	3,06%	12,55%	12,67%	0,12%
Garðabær.....	19.088	20.116	1.028	5,82%	7,83%	8,09%	0,26%
Mosfellsbær.....	13.403	13.715	312	2,48%	5,50%	5,51%	0,02%
Seltjarnarnes.....	4.572	4.585	13	0,27%	1,87%	1,84%	-0,03%
	243.908	248.753	4.845	1,99%	100,00%	100,00%	

Íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. janúar 2024 til 1. janúar 2025, m.v. sveitarfélagaskipan 1. janúar 2025

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 4.845 milli tímabila, eða um 2%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum, mest í Garðabæ eða um 5,8% og minnst á Seltjarnarnesi eða um 0,3%.

Taflan sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS, AHS og í fjárfestingarsjóð SHS á árinu 2026, samanborið við 2025.

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2025	Á-2026	Breytingar	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	2.815.000	2.939.000	124.000	4,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	117.000	128.000	11.000	9,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	44.000	46.000	2.000	4,5%
Alls:	2.976.000	3.113.000	137.000	4,6%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.670.263	1.736.620	66.357	4,0%
Vegna reksturs SHS.....	1.579.926	1.639.582	59.656	3,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	65.667	71.407	5.741	8,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	24.670	25.631	961	3,9%
Kópavogur	479.932	501.069	21.137	4,4%
Vegna reksturs SHS.....	453.975	473.070	19.095	4,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	18.869	20.603	1.735	9,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	7.089	7.395	307	4,3%
Hafnarfjörður	373.550	394.510	20.960	5,6%
Vegna reksturs SHS.....	353.347	372.466	19.119	5,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	14.686	16.222	1.536	10,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	5.517	5.823	305	5,5%
Garðabær	232.895	251.736	18.840	8,1%
Vegna reksturs SHS.....	220.299	237.669	17.370	7,9%
Vegna fjárfestinga SHS.....	9.156	10.351	1.195	13,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.440	3.715	275	8,0%
Mosfellsbær	163.532	171.632	8.100	5,0%
Vegna reksturs SHS.....	154.687	162.042	7.355	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.429	7.057	628	9,8%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.415	2.533	118	4,9%
Seltjarnarnes	55.784	57.378	1.594	2,9%
Vegna reksturs SHS.....	52.767	54.171	1.405	2,7%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.193	2.359	166	7,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	824	847	23	2,8%
Kjósarhreppur	44	56	11	25,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	44	56	11	

Fjárhæðir í þús.kr.

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við hreppinn í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyra því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

Fjárhagsáætlun 2027 – 2030

Upphaflegum tillögum starfshóps um framtíðaruppbyggingu SHS á höfuðborgarsvæðinu, skipuðum af stjórn SHS, sem samþykktar voru á fundi stjórnar 14. desember 2023, var skipt upp í þrjá áfanga. Gert var ráð fyrir að tillögur starfshópsins myndu raungerast á tímabilinu frá 2024 til 2031. Fyrsti áfangi var bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, sem yrði tekin í notkun 2027, ljóst er að framangreindar fyriráætlanir hafa frestast og nú er gert ráð fyrir að ný stöð við Tónahvarf verði tekin í notkun 2030. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert er ráð fyrir að fjölgun komi inn í áföngum á árunum 2027 til 2030 í samræmi við nýja brunavarnaáætlun.

Nánari útfærslur á framkvæmdum næstu áfanga er að finna í greinagerð starfshóps og í nýrri brunavarnaáætlun.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Áætlunin 2027-2030 gerir ráð fyrir fjölgun starfsmanna í samræmi við nýja brunavarnaáætlun. Annarsvegar er fjölgun til að fullmanna nýja útkallsstöð við Tónahvarf sem kæmi inn í áföngum á tímabilinu, samtals 24 nýir starfsmenn. Hins vegar er gert ráð fyrir að styrkja mönnun forvarnasviðs á tímabilinu um tvö ný stöðugildi árið 2027 og tvö 2030.

Fyrirhuguð fjölgun útkallsstöðva og betri mönnun er til þess fallin að styrkja viðbragð slökkviliðsins og mæta betur kröfum um viðmið viðbragðs skv. reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

Einnig er rétt að nefna að ákvarðanir stjórnar varðandi framtíðarhúsnæðisskipan SHS geta haft veruleg áhrif á fjárhagsáætlun til lengri tíma. Rammaáætlun fyrir árin 2027 – 2030 er því birt með þeim fyrirvörum.

Rekstur	Á föstu verðlagi 2026				
	Á-2026	Á-2027	Á-2028	Á-2029	Á-2030
Rekstrartekjur:	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Eigendur vegna reksturs SHS.....	2.939.000	3.113.000	3.253.000	3.393.000	3.427.000
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	128.000	139.000	150.000	161.000	172.000
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	46.000	46.000	46.000	46.000	46.000
Sjúkraflutningar.....	2.491.000	2.491.000	2.491.000	2.491.000	2.491.000
Aðrar tekjur.....	313.000	313.000	313.000	313.000	313.000
Rekstrartekjur samtals	5.917.000	6.102.000	6.253.000	6.404.000	6.449.000
Rekstargjöld:					
Laun og launatengd gjöld.....	4.913.000	5.078.000	5.210.000	5.342.000	5.375.000
Annar kostnaður.....	774.000	783.000	791.000	799.000	800.000
Rekstargjöld samtals	5.687.000	5.861.000	6.001.000	6.141.000	6.175.000
Niðurstaða án afskrifta og fjármagnsliða	230.000	241.000	252.000	263.000	274.000
Afskriftir.....	(230.000)	(235.000)	(246.000)	(257.000)	(268.000)
Fjármagnsliðir.....	7.000	(3.000)	(3.000)	(3.000)	(3.000)
Rekstrarniðurstaða	7.000	3.000	3.000	3.000	3.000
Sjóðstreymi	Á-2026	Á-2027	Á-2028	Á-2029	Á-2030
	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Rekstrarniðurstaða.....	7.000	3.000	3.000	3.000	3.000
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir.....	230.000	235.000	235.000	235.000	235.000
Verðbætur og gengismunur.....	10.200	10.200	10.200	10.200	10.200
	247.200	248.200	248.200	248.200	248.200
Viðskiptakröfur - Brú lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
Aðrar skammtímakröfur lækkun (hækkun).....	6.030	6.030	6.030	6.030	6.030
Handbært fé frá rekstri	253.230	254.230	254.230	254.230	254.230
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	(400.000)	(250.000)	(250.000)	(250.000)	(250.000)
Afborganir langtímalána.....	(19.000)	(19.000)	(19.000)	(19.000)	(19.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(165.770)	(14.770)	(14.770)	(14.770)	(14.770)
Handbært fé í byrjun árs.....	616.603	450.833	436.063	421.293	406.523
Handbært fé í lok árs	450.833	436.063	421.293	406.523	391.753

Fjárhæðir í þús. kr.